

Dagskrá 2018 - 2019



**STUÐNINGSHÓPAR
FYRIR AÐSTANDENDUR**

Sími 552 2218

Von, umhyggja og sjálfshjálp í stað sjálfsvíga, sjálfsskaða og skammar er leiðarljós okkar

FORVARNARSAMTÖK GEGN SJÁLFSVÍGUM OG SJÁLFSKADA

#strákahittingur

FEDUR, BRÆÐUR, SYNIR OG VINIR-SAMTAL UM SORG OG FORVARNIR

Gestgjafi er Bjarni Karlsson

Í vetur ætla Píeta samtökin að bjóða feðrum, bræðrum og vinum þeirra, sem fallið hafa fyrir eigin hendi, til samveru annan fimmtudag í hverjum mánuði kl. 16:30. Stundum er gott fyrir hrútana að vera einir saman.

Bjarni Karlsson prestur og Píeta ljósberi mun leiða þessa samveru, en hann hefur áratuga reynslu af starfi með syrgjendum.

Kynningarfundur verður haldinn á Baldursgötu 7, hús Píeta samtakanna, fimmtudaginn 13. september og stendur frá kl.16:30 til kl.18:00. Svo verður alltaf sama reglan; annar fimmtudagur í mánuði á sama tíma. Kaffiveitingar.

2018

13. september

11. október

08. nóvember

13. desember

2019

10. janúar

14. febrúar

14. mars

11. apríl

OPIÐ HÚS FYRIR AÐSTANDENDUR EFTIR SJÁLFSVÍG

Við byrjum 24. september 2018

Fyrir þau sem hafa misst í sjálfsvígi eru haldin sérstök stuðningskvöld/opin hús á Baldursgötu 7, hús Píeta samtakanna, á mánudögum, einu sinni í mánuði og standa frá kl. 20:00 til kl. 21:30.

Það er Þórey Dögg Jónsdóttir djákni sem hefur yfirumsjón með stuðningskvöldinu/ opna húsinu.

Mjög góð reynsla er af þessum stuðningshópum, sem hefur hjálpað mörgum að vinna úr sinni sorg og að takast á við lífið að nýju. Kaffiveitingar.

2018

24. september

29. október

26. nóvember

17. desember

2019

28. janúar

25. febrúar

25. mars

27. maí

STUÐNINGUR VIÐ AÐSTANDENDUR SEM EIGA NÁINN Í SJÁLFSVÍGSHÆTTU EÐA STUNDAR SJÁLFSSKAÐA:

Píeta samtökin veita stuðning til aðstandenda sem eiga náinn í sjálfsvígshættu eða stundar sjálfsskaða.

Hægt er að hafa samband alla virka daga frá kl. 09:00 til kl.16:00 í síma 552-2218 og fá upplýsingar um viðtöl eða sérstaka stuðningshópa.

MARKMIÐ SAMTAKANNA ER AÐ:

- Veita fólki sem er í sjálfsvíghugleiðingum eða stundar sjálfsskaða meðferð í fallegu og heimilislegu umhverfi
- Veita aðstandendum sem misst hafa ástvin í sjálfsvígi stuðning og fræðslu
- Hvetja til aukinnar þekkingar og vitundar um orsakir og afleiðingar sjálfsvíga og sjálfsskaða
- Vera vettvangur fyrir fræðslu og umfjöllun um sjálfsvíg og sjálfsskaða

FAGFÓLK SÉR UM ÞJÓNUSTUNA

Öll viðtöl eru tekin af fagfólki, með mikla reynslu og skilning á flóknum ástæðum sjálfsvíga og sjálfsskaða. Hópurinn okkar samanstendur af geðhjúkrunarfræðingum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum, sem eru þjálfaðir í Píeta aðferðafræðinni sem byggir á D.B.T. meðferðarmódeli.

VILJIR ÞÚ STYRKJA PÍETA SAMTÖKIN:

Hægt er að styrkja Píeta samtökin með því að leggja inn á reikning samtakanna.

Reikningsnúmer er 0301-26-041041, knt: 410416-0690



Píeta samtökin

Baldursgötu 7, 101 Reykjavík

Símanúmerið er 552 2218, og er húsið opið milli kl. 09:00 og 16:00 alla virka daga

Fyrirspurnir er hægt að senda á pieta@pieta.is

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðunni okkar www.pieta.is

Píeta samtökin eru á Facebook